

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

47. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. Miðvikudaginn 25. mars 2013, kl.17:00

Fundinn sátu: Jón Foss Guðmundsson, Christine Mae Velasco, Yngvi Freyr Óskarsson, Valgerður Fjölnisdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Elín Lára Baldursdóttir og Sindri Magnússon, starfsmaður Ungmennaráðs

Afboðuðu: Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Ólöf Andrea Antonsdóttir, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Eyþór Agnarson og Kristbjörg Víðisdóttir

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Jóhanna Margrét Sigurðardóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 10. apríl 2013

2. Ungmennafing 2013

Farið í gegnum skipulag og undirbúning Ungmennafings 2013. Í ár hafa fjögur umræðuefni orðið fyrir valinu, skólamál, skipulag og umhverfi, forvarnir og að lokum félagslíf og menning.

3. Ungmennaráðstefna, Ungt fólk og lýðræði 2013

Christine Mae Velasco og Valgerður Fjölnisdóttir greindu frá því helsta af ungmennaráðstefnunni, Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan var haldin dagana 20.-22. mars á Egilsstöðum. Þema ráðstefnunar þetta árið var ungt fólk og skipulag – þátttaka ungs fólks í skipulagsmálum. Fyrirlesarar ráðstefnunnar voru þær Katrín Karlsdóttir, M.Sc. í skipulagsverkfræði og umhverfissálarfræði ásamt Margréti Maríu Sigurðardóttur, umboðsmann barna. Vinnustofur tengdar efni fyrirlesara voru í umsjón fyrirlesara og starfsmanna. Barnasáttmálinn var mikið í brennideplinum. Formlegar kynningar á niðurstöðum voru kynntar á opnum fundi í lok ráðstefnunnar.

4. Fræðsla um þunglyndi

Hvað þarf ungt fólk að vita um þunglyndi? Umræður um þunglyndi og hvernig hægt sé að fjalla um málaflokkinn í skólum.

5. Önnur mál

Námskeið 6. apríl fyrir ungt fólk sem vill sækja um styrki til Evrópu unga fólksins. Námskeiðið er haldið laugardaginn 6. apríl og er frá kl. 9:00 – 19:00. Yngvi Freyr Óskarson og Christine Mae Velasco fara.

Biluð götulýsing á Hvaleyrarbraut. Skapar hættu í umhverfinu.

Næsti fundur áætlaður 10. apríl 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:07.